

BORGARRÁÐ 22. júlí 2021: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístafllokks Íslands um kostnað Reykjavíkurborgar vegna rafræns greiðslukerfis Strætó bs. - R21070050

Í fundargerð Strætó bs. frá því 15. mars 2019 er fjallað um rafrænt greiðslukerfi þar sem gert er ráð fyrir að heildarfjárfestingin nemi allt að 300 m.kr. Inni á heimasíðu Græna plansins sem er á vegum Reykjavíkurborgar kemur fram að fjárfesting vegna greiðslukerfis og uppfærslu í upplýsingatækni nemi 320 m.kr. Þar er fjallað um fjárfestinguna og það kemur fram að Strætó stefni á að taka upp nýtt rafrænt greiðslukerfi. Fyrirmynd nýja greiðslukerfisins sé þekkt um allan heim, þar sem kort eða farsími er settur upp við skanna þegar fargjaldið er greitt í vagninum. Þar, þ.e.a.s. á heimasíðu Græna plansins kemur fram að nýja greiðslukerfið muni veita aðgang í Strætó á höfuðborgarsvæðinu og Borgarlínu og að áætlanir séu um að kerfið veiti aðgang að fleiri vistvænum samgöngumátum eins og hjólaleigum og deilibílum. Eru þessar 320 m.kr. sá hluti sem Reykjavíkurborg mun greiða í nýtt rafrænt greiðslukerfi Strætó bs.? Koma hin sveitarfélögin að greiðslu nýja rafræna greiðslukerfisins og hvernig skiptist kostnaðurinn þá niður á sveitarfélögin? Nær fjárfesting upp á 320 m.kr. undir liðnum greiðslukerfi og uppfærsla í upplýsingatækni yfir fleiri þætti en fjárfestingu í nýju rafræna greiðslukerfi sem er hugsað fyrir strætó og Borgarlínu?